


VEIÐIMÁLASTOFNUN



ATHUGUN Á VATNASVÆÐI RIMHÚSAÁLS 1985.

Guðni Guðbergsson

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VMST-R/85025.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-R/85025

ATHUGUN Á VATNASVÆÐI RIMHÚSAÁLS 1985.

Guðni Guðbergsson

VMST-R/85025.

Ír
Fitjará
Midskálaá
Rimhúsaál

ATHUGUN Á VATNASVÆÐI RIMHÚSAÁLS 1985.

Inngangur.

Þann 24. júlí 1985 fór fram lausleg athugun á Írá, Fitjará, Miðskálaá og Rímhúsaál. Var athugunin gerð að beiðni veiðifélags Vestur Eyfellinga, með það í huga hvernig auka mætti fiskgengd á svæðið.

Í vatnakerfinu mun ætíð hafa verið nokkuð af sjóbirtingi og herma sögur að mikið hafi veiðst í gamla daga. Á seinni árum hefur svæðið verið nytjað til stangveiði en veiði hefur farið minnkandi. Ekki reyndist unnt að fá tölur um veiði. Mjög mikilvægt er að fá skýrslur um veiði til að fá sem gleggsta mynd af fiskstofnum svæðisins. Reynt hefur verið að rækta upp laxastofn á vatnakerfinu með seiðasleppingum bæði göngu og sumaröldum seiðum, enn mun það litlum árangri hafa skilað.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Farið var með Fitjará, Miðskálaá og Rímhúsaál og botn og straumlag athugað. Veitt var með rafmagnsveiðitækjum á tveimur stöðum. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og sýni tekin af þeim til aldursákvörðunar (hreistur og kvarnir). Leiðni og hitastig í ánum var mælt. Leiðnin gefur allgóða mynd af magni uppleystra áburðarefna í vatninu og frjósemi þess.

Niðurstöður.

Yfirlit yfir vatnasvæðið er gefið á mynd 1.

Írá og Fitjará falla báðar í fossum fram af Eyjafjöllum, en Miðskálaá fellur fram undan fjöllum í gljúfri. Allar eru árnar frekar vatnslitlar. Næst fjöllum er straumhraði þó nokkur í ánum og botn þar grófur. Þegar fjær dregur minnkar straumurinn og botn verður fíngerðari. Allar koma þessar ár saman í Rímhúsaál sem er lygn með fínum botni og bökkum grónum niður undir vatnsborð. Rímhúsaáll rennur út í Holtsós skammt

ofan óss hans við sjó.

Leiðni mældist hæst í Fitjará $75 \mu\text{S sm}^{-1}$, en lægst í Miðskálaá 32 (tafla 1). Hitamunur er í svipuðum takt og leiðnin (tafla 1).

Á 300 m^2 rafveiðistöð í Írá, neðan gömlu brúar veiddust einungis ársögömul urriðaseiði. Voru þau frá $7.0\text{--}9.0 \text{ sm}$ að lengd, með meðallengdina 7.8 sm (mynd 2).

Ekki var veitt í Fitjará að þessu sinni, og engin seiði veiddust á þeim 290 m^2 kafla sem veiddir voru í Miðskálaá skammt neðan gljúfurs (mynd 1).

Umræður.

Af botngerð ána má ráða að fiskframleiðsla er að miklu leiti bundin við efsta hluta þeirra. En í efsta hlutanum er botninn nægilega grýttur til að veita seiðum nauðsynlegt skjól fystu ár ævinnar.

Á lygnum svæðum ána þar sem botn er sléttur er ekki hægt að vænta þess að fiskframleiðsla geti orðið mjög mikil. Leiðni er viðunandi há nema í Miðskálaá en þar er leiðni það lág, að ólíklegt er að fiskur dafni þar svo að nokkru nemi.

Þó einstakar hitamælingar séu marklitlar gefa þær þá mismun milli ána innbyrðis. Miðskálaáin hefur bæði lægstu leiðni og hita. Stafar það að öllum líkindum vegna þess að vatnið í henni er að miklu leiti ættað sem leysingarvatn úr Eyjafjallajökli, og er því bæði kalt og næringarsnautt.


Það að ekki veiddust nein seiði í Miðskálaá styður það enn frekar að fiskframleiðsla í henni sé mjög lítil.

Vöxtur urriðaseiðanna í Írá er mjög góður og sambærilegar við það sem er í öðrum sjóbirtingsám á Suðurlandi. Þó vorgömul seiði veiddust ekki, er ekki þar með sagt að þau vanti, því oft er það hvort eða hve mikið af þeim veiðist tilviljunum háð.


Nú eru uppi tilgátur um það að sjóbirtingur á Íslandi gangi bæði yngri og smærri til sjávar en þekkist í öðrum löndum. Rannsóknir á lífsferli sjóbirtingsins hér á landi fara nú fram í vatnasvæði Skaftár. Munu viðurstöður þeirra væntanlega auka

skilning og auðvelda aðgerðir til ræktunar, þar sem þess er þörf.

Eins og er virðist ekki auðvelt að auka fiskgengd í vatnakerfi Rimhúsaáls nema þá helst með því að setja grjót ofan til í árnar. Virðist mér seiðasleppingar, hvort sem er lax eða urriði ekki vænlegur til að skila árangri þar sem svæðið er lítið og nýtt af urriða (sjóbirtingi) nú þegar. En sjálfsagt er að nýta þann fisk sem náttúrulega gengur á svæðið á sem hagkvæmastan hátt.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af vatnasvæði Rimhúsaáls. (Myndin er dregin eftir korti gefnu út af Landmælingum Íslands 1941).



Mynd 2. Lengdardreifing urriðaseiða í frá 24. júlí 1985.

Tafla 1. Leiðni, vatnshita og lofthitamælingar í Fitjará, frá, Miðskálaá og Rimhúsaál 24. júlí 1985. Leiðni er mæld í $\mu\text{S sm}^{-1}$ og hiti í $^{\circ}\text{C}$.

	Leiðni ($\mu\text{S sm}^{-1}$)	Vatnshiti ($^{\circ}\text{C}$)	Lofthiti. ($^{\circ}\text{C}$)
Fitjará	75	9.4	17.6
frá	61	11.4	17.6
Miðskálaá	32	7.6	17.6
Rimhúsaál	60	11.4	17.6